

## FUNDARGERÐ

332. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 12. desember 2023 kl. 16:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Í fjarfundi: Vilhjálmur Jónsson (VJ)

Af aðalmönnum er Helgi Hlynur Ásgrímsson fjarverandi.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

---

- 1 Verkefnastaða
  - 2 Uppgjör verkefna
  - 3 Fráveita á Djúpavogi
  - 4 Aldurstengdar kröfur viðskiptamanna
  - 5 Önnur mál
    - a. Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók
    - b. Verkbókhald, skipulagning á lager og endurnýjun á verkfærum
    - c. Hátíðakveðja
    - d. Næsti fundur
- 

### **1 Verkefnastaða**

Framkvæmdastjóri fór yfir opnun útboðs vegna verksins Jörfa gatnagerð-lagnir. Unnið er að gerð sammings við lægstbjóðanda.

Farið yfir samskipti vegna Eiðaveitu bæði frá Náttúrustofu Austurlands og erindi til Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings.

Ekki hefur verið fundað með Rarik og Múlaþingi um fjarvarmaveitu á Seyðifirði síðan í október. Hugsanlegar vendingar á orkumarkaði valda áhyggjum um rekstraröryggi og -afkomu mögulegrar fjarvarmaveitu.

### **2 Uppgjör verkefna**

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að lokaskýrslu Votahvamms II (E0016) verkefnis, sem verður fyrirmynd að lokaskýrslum sem verða í framtíðinni hluti af verkferlum og gefa betri sýn á niðurstöðu eftir verkþáttum og hvernig kostnaður skiptist milli veitna.

### **3 Fráveita á Djúpavogi**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna framkvæmdar, aðalskipulagið er í yfirferð hjá skipulagsstofnun og í framhaldi staðfest. Framkvæmdarstjóri fer með framkvæmdarlýsingu á fund Múlaþings og er það von stjórnar að í framhaldi af því geti verkið hafist.

#### 4 Aldurstengdar kröfur viðskiptamanna

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir kröfusafn. Stjórn leggur áherslu á að koma á bættu eftirliti með vanskilum og innheimtu. Verklagsreglur verði gerðar um innheimtu og þær lagðar fyrir stjórn til samþykktar.

#### 5 Önnur mál

##### a. Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók

##### b. Verkbókhald, skipulagning á lager og endurnýjun á verkfærum

Vinna við verkbókhald, lagerhald o.fl. er hafin og fór framkvæmdastjóri yfir framvinduna og markmið.

##### c. Hátíðakveðja

Stjórn óskar framkvæmdastjóra, starfsmönnum HEF veitna og íbúum öllum gleðilegar hátíðar og farsældar á nýju ári.

##### d. Næsti fundur

Næsti fundur verði 9. janúar 2024.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:55

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.

# Undirritunarsíða

Samþykkt  
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt  
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt  
Hildur Þórisdóttir

Samþykkt  
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt  
Vilhjálmur Jónsson

Samþykkt  
Helgi Ómar Bragason